

Námskrá 3. bekkur

Samfélags – og náttúrugreinar í 3. bekk


Undir samfélagsgreinar heyra nú meðal annars námsgreinarnar saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Samfélagsgreinum er ætlað að hjálpa nemendum að bregðast við áskorunum úr umhverfinu og nærsamfélaginu í krafti skynsemi sinnar og gera þeim grein fyrir eigin ábyrgð á þeim leiðum, sem hver og einn velur sér, til þess að fóta sig í félagi við annað fólk og umhverfi. Samfélagsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, með því að útskýra hvernig þessi gæði leiða til margvíslegra skyldna, réttinda og gilda, sem órofa hluti af félagslegum og siðferðilegum veruleika okkar. Dæmi um slík gæði eru réttlæti, þekking, frelsi, vinátta, virðing og ábyrgð. (Aðalnámskrá grunnskóla)

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og einstakri upplifun nemenda. (Aðalnámskrá grunnskóla)

Vinnulag: Áhersla er lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s. einstaklings-, para- og hópavinnu, inni sem úti. Samfélags – og náttúrugreinar eru að hluta þemavinna og geta fléttast inn í aðrar námsgreinar. Kennslan fer einkum fram með umræðum, verklegri kennslu og verkefnavinnu. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda þar sem þeir öðlast færni í að vinna með öðrum, hlusta á aðra og spyrja.

Námsefni: Halló Heimur lesbók, Halló heimur verkefnabók, Könnun Kortin 1, ýmsar bækur úr bókaflokknum Komdu og skoðaðu auk efnis af neti og frá kennurum.

Námsmat: Ekki er formlegt námsmat í þessum greinum en kennarar leiðbeina og hvetja nemendur til góðra vinnubragða og sköpunar. Lokamat miðast við áhuga, virkni og vinnuframlag nemenda. Leiðsagnarmat og símat verkefna sem verða sýnileg í viðmiðum í Mentor.



Námskrá 3. bekkur

Kennarar: Jóhanna Þorvaldsdóttir, Jón Ingi Gíslason og Marta Gunnarsdóttir.

Tímaáætlun: Miðað er við ca. 6 kennslustundir vikulega allan veturinn

Samfélagsgreinar

Grunnpáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• veit að heilbrigður lífstíll hefur áhrif á velferð og jákvæða sjálfsmynd, • getur unnið út frá eigin áhugasviði og styrkleikum í því skyni að auka sjálfstraust og þekkja tilfinningar sínar, • tekur þátt í að miðla málum og setur sig í spor annarra, • hefur skilning á eigin tilfinningum og annarra, • eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun, • skilur þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan.
Jafnrétti	• hefur jafnrétti að leiðarljósi og veit að jafnrétti er margþætt hugtak, • temur sér gagnrýna hugsun, • gerir sér grein fyrir að allir þjóðfélagsþegnar eiga að vera jafnir fyrir lögum, • áttar sig á og virðir mismunandi þjóðfélagshópa.
Lýðræði og mannréttindi	• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, • tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð, • virðir mismunandi skoðanir, • þekkir réttindi sín, skyldur og ábyrgð, • veit að í lýðræðisríki eiga allir að búa við mannréttindi,

Námskrá 3. bekkur

	• hefur tamið sér jákvætt viðhorf og siðferði sem eru mikilvægir þættir í lýðræðisríki, • ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
Læsi	• er læs á umhverfi sitt, • er læs á öllum sviðum nútímalæsis, notar t.d. upplýsingalæsi, stafrænt læsi, samskiptalæsi og tilfinningalæsi, • er virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn, • bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les, • þekkir til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins, • getur lesið sér til gagns og gleði, • tjáir sig um viðfangsefni sín og notar hugtök sem tengjast því, • er læs á menningu og menningarverðmæti.
Sjálfbærni	• getur tekist á við fjölbreytt álitamál og ágreiningsefni, • áttar sig á samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í samfélagi sínu, • sýnir frumkvæði, sjálfstæði og tekur virkan þátt í viðfangsefnum, • öðlist aukna umhverfisvitund og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs, • gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa, • sýnir áhuga og vilja til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu, • beitir gagnrýnni hugsun og setur sig í spor annarra, • tekur ábyrgð á eigin gjörðum og hegðun, • tekur þátt í að skapa samábyrgt samfélag.
Sköpun	• virkjar hugmyndaflugið og nýtir það í að finna nýstárlegar lausnir,

Námskrá 3. bekkur

	• nýtir tæknina á skapandi hátt, • nýtir hæfileika sína til að skapa afurð, • tileinkar sér gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika, • hefur færni í leikrænni túlkun, tjáningu og framsögn.
--	---

Náttúrugreinar

Grunnpáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• þroski með sér: jákvæða sjálfsmynd, andlega- og líkamleg vellíðan, góð samskipti og skilning á eigin tilfinningum og annarra, • hafi í huga: gildi hreyfingar, góðrar næringar, hvíldar og hreinlætis, • tileinki sér jákvæð viðhorf gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi.
Jafnrétti	• skilji og virði jafnrétti, • geti ræktað hæfileika sína með vali á fjölbreyttum verkefnum/viðfangsefnum og útfærslu, • geri sér grein fyrir mikilvægi fjölbreytileika lífvera og vistkerfa.
Lýðræði og mannréttindi	• vera virkur þátttakandi í skólastarfi og lýðræðissamfélagi og efli með sér gagnrýna hugsun, • sýni sjálfum sér, umhverfi og náttúru virðingu, • notfæri sér fræðslu og þekkingu til þess að breyta venjum sínum gagnvart eigin lífi og aðstæðum, með neysluvenjum og umhyggju fyrir sínu nánasta umhverfi, • átti sig á samspili fólks við náttúruna og áhrif til framtíðar.
Læsi	• geti lesið fjölbreytta texta og leitað upplýsinga um náttúruvísindi sér til gagns, • geti vegið og metið upplýsingar með gagnrýnum hætti, • notað hugtök úr náttúruvísindum í daglegu lífi,

Námskrá 3. bekkur

	• geti lesið í og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri.
Sjálfbærni	• efli umhverfisvitund; þekkingu, skilning og væntumþykju á náttúru, umhverfi og fólki, • auki vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs, • læri að meta mikilvægi auðlinda og verndun þeirra, • velti fyrir sér afstöðu sinni til álitamála og leiti lausna í umhverfismálum, • geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa í nútíð og framtíð.
Sköpun	• örvi ímyndunarafl og gagnrýna hugsun með umræðum og spurningum, • nýti hæfileika sína til að skapa afurðir, • virki hugmyndaflug til að vinna og finna lausnir á verkefnum.

Náttúrugreinar við lok 3. bekkjar – Hæfniviðmið viðfangsefni			
Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Nemandi getur:
<u>Að búa á jörðinni</u> • Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð • Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum • Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks	• myndefni • þemavinna • verkefni frá kennara • Komdu og skoðaðu bækur	• einstaklings-, para- og hópavinna • umræður/samræður • umhverfisskoðun • myndefni	

Námskrá 3. bekkur

<u>Lífsskilyrði manna</u> Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns	- myndefni - stutt verkefni - Göngum í skólann - Lífshlaupið	- umræður - myndefni - hópavinna	
<u>Náttúra Íslands</u> Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða	- myndefni - þemavinna - verkefni frá kennara - Komdu og skoðaðu bækur	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræður/samræður - umhverfisskoðun - myndefni	
<u>Heilbrigði umhverfisins</u> - Fjallað um samspil manns og náttúru - Flokkað úrgang	- myndefni - þemavinna - verkefni frá kennara - Komdu og skoðaðu bækur	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræður/samræður - umhverfisskoðun - myndefni	

Námskrá 3. bekkur

<u>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</u> Gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir	- myndefni - þemavinna - verkefni frá kennara - Komdu og skoðaðu bækur - stutt verkefni	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræður/samræður - umhverfisskoðun - myndefni	
--	---	--	--

Náttúrugreinar við lok 3. bekkjar – Hæfniviðmið verklag			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat
<u>Nýsköpun og hagnýting þekkinga</u> Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu	- myndefni - stutt verkefni - nærumhverfi	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræður/samræður - umhverfisskoðun - myndefni	

Námskrá 3. bekkur

<u>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</u> • Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum	• Komdu og skoðaðu bækurnar • verkefnavinna	• einstaklings-, para- og hópavinna • umræður/samræður • umhverfisskoðun • myndefni	
<u>Vinnubrögð og færni</u> • Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim	• Komdu og skoðaðu bækurnar • stutt verkefni • myndefni	• einstaklings-, para- og hópavinna • umræður/samræður • umhverfisskoðun • myndefni	
<u>Ábyrgð á umhverfinu</u> • Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð	• nærumhverfið • stutt verkefni	• einstaklings-, para- og hópavinna • umræður/samræður • umhverfisskoðun • myndefni	

Námskrá 3. bekkur

Samfélagsgreinar

Samfélagsgreinar við lok 3. bekkjar:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat
<u>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</u> - Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar - Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni - Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa - Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra - Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu	- myndefni - þemavinna - verkefni frá kennara - Komdu og skoðaðu bækur - Könnum kortin	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræður/samræður - umhverfisskoðun - myndefni - vettvangsferðir	Ekki er formlegt námsmat í þessum greinum en kennarar leiðbeina og hvetja nemendur til góðra vinnubragða og sköpunar.
<u>Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</u> - Sett sig í spor annarra jafnaldra - Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur - Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti - Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig	- klípusögur - Göngum í skólann - Lífshlaupið	- einstaklings-, para- og hópavinna - umræðu- og spurnaraðferðir - leikir	Lokamat miðast við áhuga, virkni og vinnuframlag nemenda.

Námskrá 3. bekkur

• Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans • Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði			
<u>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</u> • Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. • Tekið þátt í samstarfi og samræðum í jafningjahópi • Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi • Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna	• klípusögur • stutt verkefni • leikir	• einstaklings-, para- og hópavinna • umræðu- og spurnaraðferðir • leikir	